

## Mál nr. 93/2021

M og  
V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og  
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs við Hafnarfjarðarveg hinn 9. júlí 2020.**Gögn.**

1. Málskot móttakið 11.03.2021 áamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 17.03.2021 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2, dags. 25.03.2021 ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Hinn 9. júlí 2020 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B. Í skýrslu Aðstoðar & öryggis sem gerð var um atvikið er haft eftir M að hún hafi ekið A á hægri akrein og B verið á þeirri vinstri, og þau hafi ekið inn á Hafnarfjarðarveg þegar B hafi ekið inn á hægri akrein. M hafi reynt að sveigja frá til hægri út af veginum en B haldið áfram og ekið á A. B lýsir atvikum svo að hann hafi ekið á hægri akrein niður Fjarðarhraun og inn á hægri akrein Hafnarfjarðarvegur þegar A hafi komið og ætlað framhjá honum hægra megin og hafi A í kjölfarið verið ekið á gras meðfram veginum og svo utan í frambretti B. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna og var sök skipt til helminga þar sem ósannað þótti um stöðu ökutækjanna í aðdraganda áreksturs. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur í málskoti fram að B hafi ekið á A en ekki öfugt og hafi A því verið í fullum rétti. B hafi tekið fram úr A þannig að A hafi þurft að sveigja út fyrir veginn en þegar M hafi reynt að koma A aftur á akbrautina hafi B aukið hraðann og ekið á A.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, kemur fram sú afstaða að B beri alla sök á umræddum árekstri, enda séu aðstæður á vettvangi með þeim hætti að útilokað sé að A hafi ætlað sér að taka fram úr hægra megin, utan vegar, enda sé steypur vegkantur í beygjunni auk þess sem staur með umferðarljósum og ljósastaurar séu við hægri vegbrún. Verði B því að bera hallann af sönnunarskorti í málinu.

V2, sem var vátryggjandi B tjónsdegi, gerir ekki sérstakrar athugasemdir vegna málsins.

**Álit:**

Af ofangreindu má ráða að töluverður ágreiningur er með aðilum hvað varðar atvik í aðdraganda áreksturs en engir framburðir vitna liggja fyrir um atvikið. Þannig heldur B því fram að hann hafi verið á hægri akrein þegar A hafi ekið fram úr honum, og ökumaður A heldur því fram að B hafi verið ekið í veg fyrir sig frá vinstri akrein sem hafi á endanum, þegar M reyndi að koma A aftur á akbrautina eftir að hafa sveigt til vinstri, valdið árekstri. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni, verður að telja að ekki sé tækt að leggja frásögn annars ökumanns til grundvallar umfram frásögn hins og verða atvik málsins því að teljast ósönnuð. Ekki er því unnt að leggja meiri sök á annan ökumanna og skiptist hún þar af leiðandi til helminga.

**Niðurstaða.**

Ökumenn A og B, bera hvor um sig helming sakar.

Reykjavík 20. apríl 2021

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.